

Svavar Sigmundsson:

Orðabók Blöndals: Viðtökur og áhrif

Í leikritinu „Sumarið ’37“ eftir Jökul Jakobsson spyr Sigrún Davíð tengdaföður sinn upp úr þurru hvað orðið *tótytja* þýði. Hún hafði verið að ráða krossgátu á hárgreiðslustofunni og ráðningin á einu orðinu var *tótytja*¹ (Jökull Jakobsson 1994:217). Davíð segir síðar:

Orð ... hugsa sér annars öll þau orð sem maður skilur ekki, hugsa sér bara auðlegð tungunnar: hversdagslegur orðaforði okkar er ekki nema nokkur hundruð orð segja málfræðingar, hins vegar er til hálf milljón í málinu, hugsa sér: hálf milljón orð sem eru bara geymd í orðabókum eins og peningar í banka, ha? heh, peningar í banka: það var orð að sönnu: orðabækur eru bankar tungunnar. Það er ekki svo fráleitt ha? (226–227)

Nokkru síðar heldur hann áfram:

Hvaða orð var þetta nú aftur, *tótytja* alveg rétt ... ég ætla að ná í Blöndal, fletta þessu upp ... það væri gaman að vita hvað þetta þýðir ... (gengur að bókaskápnunum) ... hérna kemur — bíðið nú við, við skulum nú sjá — nei hver fjárinn, þetta er þá Biblían ... (227)

Þessi sviðssetning Jökuls á því hvernig maður getur ruglast á Blöndal og Biblíunni er ekki út í hött. Blöndal hefur verið ýmsum mönnum eins konar trúarbók á þeim 70 árum síðan hún kom út. Þannig segir Jón Helgason t.d. í grein um þetta mikla verk: „Það líður naumast svo dagur að ég noti það ekki; ég ræðst ekki einu sinni í að skrifa smágrein eins og þessa án þess að hafa það mér hið næsta. Sá einn sem man hvílík vandræði einatt stöðjuðu að hverjum þeim er á einhvern hátt vildi glöggva sig á íslenzku máli áður en þessi orðabók var til, getur skilið til fulls hvílfkum aldahvörfum hún olli“ (Jón Helgason 1944:130).

¹Það skal tekið fram, að *tótytja* merkir ‘telpa við ulla vinnu’ eða ‘rytja’ (í máli Árnesinga), skv. Blöndal (u. *tótitja*).

Ég minnst þess líka að hafa heyrt um mann fyrir norðan sem hafði sérstakt skrifborð fyrir Blöndal — ég held í sérherbergi — og leiðir það hugann að því næstum trúarlega við orðabókina. Þá má nefna, að Halldór Laxness segir í „Minniskompu úr Bæheimi og Slóvakíu“, að þar í landi sé ekki til nema eitt nothæft eintak íslenskrar orðabókar, „nefnilega blöndal háskólabókasafnsins í Prag, og þangað verða menn að fara í pílgrímsferð þurfi þeir að brjótast frammúr íslenskum texta“ (Halldór Laxness 1955:8).

2. okt. 1924, á fimmtugsafmæli Sigfúsar, skrifar Amicus um hann í *Morgunblaðið* og segir þar að hann hafi verið sæmdur doktorsnafnbót af heimspeki- og tungumáladeild Háskóla Íslands, m.a. með þeim rökstuðningi Sigurðar Nordals að orðabók hans verði

ómissandi handbók hverjum manni, íslenskum sem erlendum, er kynnst vill íslenskri tungu og rita hana, og markar verulegt spor í rannsókn tungunnar. ... Bókin er veruleg frumheimild um íslenska tungu, ekki aðeins af því, að til hennar hafa fjölmörg rit verið orðtekin í fyrsta sinn, heldur miklu fremur fyrir þá sök, að hún hefir að geyma geysimörg orð af alþýðuvörum, sem áður hafa ekki verið bókfest.

Amicus skrifar líka um verkið sem Sigfús sem aðalhöfundur og samverkamenn hans hafi unnið:

En það er sama eðlis eins og hringurinn Draupnir, að það getur af sjer nú hringa jafnhöfuga níundu hverja nótt, og er vafasamt, hvert Ísland hefir nokkru sinni hlotið veglegri gjöf. (*Morgunblaðið* 2. okt. 1924)

Alþýðublaðið boðaði útkomu fyrri hluta orðabókarinnar 24. ágúst 1922 og vakti athygli á henni með eftirfarandi orðum: „Hafa þrír setjarar stöðugt unnið að henni síðustu tvö árin í prentsmiðjunni Gutenberg. Bók þessi verður óefað einhver merkasta og stærsta bókin sem prentuð hefir verið á Íslandi“ (3).

Þegar á árinu 1922 birtust umsagnir um orðabókina í erlendum ritum, bæði í *Politiken* 30. nóv. eftir Johannes Brøndum-Nielsen, síðar prófessor og andstæðing Íslendinga í handritamálinu, og í *Literarisches Zentralblatt* 23. desember eftir Íslandsvininn Paul Herrmann.

Grein Brøndum-Nielsens heitir „Island og Danmark“ og þar segir hann þá sögu að sænska utanríkisráðuneytið hafi átt í viðræðum við íslenskt „Faareavlskonsortium“ (sem gæti útlagst Sölufélag sauðfjárþænda) og fengið frá því nákvæma greinargerð upp á margar fólíósíður á íslensku sem kom ráðuneytinu í ólítinn vanda. Menn skildu ekkert annað en fyrirsögnina og undirskriftina. Það var ekki annað til ráða í Stokkhólmi en að leita til háskólabæjarins Uppsala þar sem bent var á fíllólóg einn í yngri kantinum sem hófst handa við þýðinguna. En jafnvel fyrir sænskan magister var nútímaíslenska ekki neinn hversdagslestur og það liðu allmargir dagar við uppflettingar í gömlum orðabókum o.s.frv. á lestrarsal Karólínu áður en verkinu lauk.

Þessi litla dæmisaga úr hversdagslífinu segir hann að lýsi hve illa hafi staðið með hjálpargögn til þess að geta lesið nútímaíslensku þangað til orðabók Blöndals kom út. Hann hrósar bókinni mjög, telur hana svo að segja tæmandi með tilliti til orðaforða, þar

sem hann sé næstum ótrúlega mikill. Hann telur þýðingarnar góðar og það sé að þakka fádæma þekkingu höfundarins á málnotkun í báðum málunum. Þá telur hann bókinni mjög til gildis að hér sé fyrsta framburðarbókin um íslensku. Hann finnur helst að því að stóru orðsgreinarnar séu nokkurt vandamál og að þar sé hægt að benda á galla í niðurröðun merkinganna, en hann telur að það sé ekki eins mikilvægt í tvímálaorðabók, sem einkanlega sé ætlað að vera hagnýt orðabók.

Þá lætur Brøndum-Nielsen í ljós þá ósk að bókin megi ryðja braut fyrir færeysk-danska systurorðabók, sem sé bæði málfræðilegt og þjóðlegt skylduverkefni sem krefjist skjótrar úrlausnar (Brøndum-Nielsen 1922:5).

Paul Herrmann segir m.a. í grein sinni að orðabók Blöndals muni fyrst og fremst eiga heima á skrifborðum (sbr. það sem Jón Helgason segir um bókina í grein í Fróni: „en ekki er hún þeirra meðfæri sem kraftalítlir eru eða vinna við smá skrifborð“ (Jón Helgason 1943:118)). Paul segir að hún uppfylli ströngustu vísindalegar kröfur, jafnt sem kröfur um hagnýti, og skírskoti einnig til annarra germanskra mála og orðsifja. Þá nefnir hann líka að á nútímaíslensku sé engin föst réttitun til en fjórar aðalstefnur séu uppi og segir að í orðabókinni hafi verið farið næst þeirri réttitun sem Björn M. Ólsen hélt fram, og sem fullkomlega hafi rofið eldri hefð. Paul segir síðan að orðabók Sigfúsar sé „stórvirki, sæmandi bókhneigðustu þjóð veraldar“ (Herrmann 1922:1001; sbr. *Öldin okkar* 1950:205).

Í febrúar 1923 skrifaði Magnus Olsen prófessor grein í norska Morgunblaðið um norræna málfræði Ragnvalds Iversens, íslenska málfræði Valtýs Guðmundssonar og orðabók Sigfúsar, þar sem hann kallar útgáfu hennar „einn mesta viðburð í norrænum málvísindum“. Hann segir að hún sé bæði bókmenntaleg orðabók og mállýskuorðabók, sem leiði menn að nýjum, auðugum brunnum í norrænum menningarrannsóknum og ennfremur að hún hafi að geyma mikið safn orðasambanda úr talmáli og dæmi úr bókmenntum sem vekja sanna aðdáun á Blöndal fyrir fórnúst starf og samviskusemi í verki sínu. Magnus telur orðabókina hentuga hvað niðurskipan efnis varðar og þýðingunni á dönsku sé í engu áfátt. Hún muni líka eiga eftir að reynast góð sem hjálparmeðal eins og hann segir „for det praktiske livs mænd“ en nefnir ekki konur í því sambandi. Magnus Olsen lýkur grein sinni á því að það sé hvatning á þessum tímum að sjá hið glæsilega verk Blöndals þokast áfram (Olsen 1923).

Í *Ársriti Fræðafélagsins í Kaupmannahöfn* 1923 er orðabókarinnar stuttlega getið, og líklega ritar Bogi Th. Melsteð þá fregn sjálfur sem ritstjóri. Þar er lögð áhersla á hversu orðmörg bókin sé, að í henni muni finnast flest þau orð sem notuð hafi verið í íslenskri tungu síðan um 1800. Einnig er sagt að þýðingarnar séu óvenju góðar og nákvæmar (Bogi Th. Melsteð 1923:148–149).

Finnur Jónsson ritdæmdi orðabókina í tímaritinu *Arkiv för nordisk filologi* 1923 og nefnir m.a. hversu mikið efni sé í bókinni úr talmáli, þar á meðal mörg slanguryrði og tökuorð úr mæltu máli sem merkt séu sem slík. Þýðingunum hrósar hann og telur bæði Wiehe og Sigfús eiga það hrós skilið. Finnur telur það þó helst galla hvað tökuorðum í dönsku sé gert hátt undir höfði, þau séu sett á undan dönsku orði, t.d. sé orðið *fríríki* þýtt með ‘republik, fristat’ í þessari röð. Finnur telur verkið hreina gullnámu fyrir norræna og germanska málfræðinga og höfundur hljóti miklar þakkir þeirra og menntaðs almennings á Íslandi sem áhuga hafi á íslensku nútíðarmáli og

nútímabókmenntum (Finnur Jónsson 1923:297–299).

Sama ár birtist ritdómur Boga Ólafssonar í *Skírni* sem einnig var mjög jákvæður, bæði með tilliti til orðaforðans, framburðar og þýðinga. Hann getur þess líka sérstaklega hve mikið sé af orðum í bókinni „er varpa ljósi yfir alþýðumenningu vora, leika, kreddur, hjátrú, verkfæri, vinnuháttu o.fl. ... en þetta munu menn þó kunna enn þá betur að meta, er stundir líða fram“ (Bogi Ólafsson 1923:202–203). Bogi telur að vafalaust muni einhverjum þykja rangt raðað merkingum á stöku stað í bókinni, en þó sé hæpið að leggja dóm á þetta, uns málið hafi verið vendilega athugað í hverju byggðarlagi, orðum safnað og merkingar bornar saman. Honum fannst höfundur hafa tekið upp of mikið af orðum sem ekki hefðu fengið borgararétt í málinu eða nýyrði sem lítil eða engin líkandi væru til að nokkur maður mundi nokkurn tíma vilja líta við. Ritdómari taldi einnig að bókinni mundi halda uppi minningu höfundar og votta elju hans, atorku og lærdóm.

Þegar orðabókin var öll komin út skrifaði Jóhannes L. L. Jóhannsson nokkuð langan ritdóm í *Skírni* 1925. Hann taldi einn af höfuðkostum bókarinnar, hve mikið hún hefði af ágætum héraðaorðum, sem ekki myndust í bókum heldur eingöngu í talmáli. Hann þakkar Jóni Ófeigssyni líka mikinn hlut hans í þessu efni bókarinnar. Jóhannes taldi líka að ekki aðeins Dönnum og öðrum útlendingum sem kynnu dönsku nýttist þessi bók vel heldur væri Íslendingum mestur gæðafengur í þessu þarfaverki, þar sem hún væri máttugt meðal til að kynna útlendingum þjóð vora og land og tungu. En hún væri líka ómetanlegur fjársjóður fyrir Íslendinga vegna þess að hún legði grundvöllinn „undir orðabókasamning íslenzkunnar í allri framtíðinni“. Jóhannes dáðist að þrennu við útgáfu verksins: 1) áraði og dugnaði Sigfúsar að hrinda því af stað, 2) frumlegri hugkvæmni Bjargar Þorlákssdóttur að stofna orðabókarsjóðinn til að halda útgáfunni áfram, og 3) vandvirkni og nákvæmni Jóns Ófeigssonar við umsjón með prentun og prófarkalestri. Og svo þótti honum það vera Gutenberg og íslenskri prentiðn til stórsóma (Jóhannes L. L. Jóhannsson 1925:219–226).

Í *Eimreiðinni* 1925 er stutt grein í þættinum Ritsjá um orðabók Sigfúsar, og er höfundur hennar Sveinn Sigurðsson ritstjóri. Hann telur það mikið vandaverk að velja orðin í bókina, en þar sé fjöldi orða sem aðeins komi fyrir örsjaldan í málinu, auk fjölda nýyrða, sem e.t.v. hafi varla verið notuð af öðrum en þeim sem bjuggu þau til. Hann finnur líka að orðum sem séu afbökðu danska, eins og *frígera*, *sekreteri*, *selapinni* og *selskapur*. Í greininni segir að e.t.v. fái *Eimreiðin* síðar hæfan sérfræðing til að skrifa ítarlegan ritdóm um þetta merkilega verk (Sveinn Sigurðsson 1925:188–189), en ekki varð úr því.

Þau áhrif sem orðabók Blöndals hefur haft, eru meiri en svo að hægt sé að meta þau að einhverju gagni. Flestar orðabækur íslenskar síðan hafa að einhverju leyti sótt efni til hennar. Fyrst má nefna danska orðabók Freysteins Gunnarssonar 1926 en hann segir í formála hennar að hann hafi fyrst og fremst notið orðabókar Sigfúsar Blöndals við að bæta um þunglamalegar þýðingar og stirðar í bók Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili og Björns Jónssonar frá 1896: „Er þar mikill og góður efniviður á einum stað fyrir hvern þann, sem leysa þarf verkefni, er við koma íslenzkri tungu.“ Og áfram segir Freysteinn: „Auk þess hef ég farið yfir hana alla og tekið upp allmikið af dönskum orðum og þýðingum, sem vanta mundi í bækur þær aðrar, sem ég hef stuðst við ... Í orðabók S.Bl. er um svo auðugan garð að gresja, að meiri tíma þarf en mér var afskamtaður og meiri

vinnu, til þess að þar sé grunlaust leitað“ (Freysteinn Gunnarsson 1926:V–VI).

Eðlilegt er að íslensk-danskar orðabækur hafi síðan þegið margt frá henni, fyrst orðabók Jakobs Jóh. Smára frá 1941 og síðan bók Ágústs Sigurðssonar frá 1957. Áður hafði Ágúst samið stutt danskt-íslenskt orðasafn. Hann segist hafa samið þýðingar í orðabók sinni að mestu eftir *Ordbog over det Danske Sprog* (ODS) „en hafði jafnan hliðsjón af orðabók Sigfúsar Blöndals“. Hann bætir síðan við að hann hafi einnig tekið með nokkurn orðaforða sem hann hefði rekist á að vantaði í orðabók Blöndals (Ágúst Sigurðsson 1957:3).

Síðan má nefna íslensk-danska orðabók, sem kom út 1976 en hún hafði verið í smíðum frá 1953 að frumkvæði Ole Widding.

Aðra íslensk-erlenda orðabók má nefna hér sem þegið hefur frá Blöndal en það er *Íslensk-sænsk orðabók* eftir Gunnar Leijström og Jón Magnússon sem kom út 1943. Þar segir í formála að orðabókin byggist að sjálfsögðu að mjög miklu leyti á Blöndal, „huvudverket i nyisländsk lexicografi och den enda nyisländska ordboken med översättning till annat nordiskt tungomål, som finnes“ en hún sé samt allt of umfangsmikil og dýr til þess að geta náð nokkurri verulegri útbreiðslu (Leijström 1943:V).

En ekki ber síður að nefna hér fyrstu íslensk-íslensku orðabókina, Orðabók Menningarsjóðs, sem út kom 1963 og byggð var á orðabók Sigfúsar. Aðrar orðabækur eru síðan komnar af henni eins og t.d. *Íslenska samheitaorðabókin*. Þá hefur Blöndal verið drjúg uppspretta fyrir *Íslenska orðsifjabók* Ásgeirs Blöndals Magnússonar, sem kunnir orðaforða Blöndals meira og minna utan að.

Alexander Jóhannesson gerði lauslega áætlun um orðaforða Blöndals og taldist til að þar væri „um hálf tótt hundruð þúsund orða“ (Alexander Jóhannesson 1926:16) og hann vitnar til hans um ýmislegt í bók sinni.

Það eru þó ekki bara málfræðingar sem hafa notfært sér orðabókina. Heimspekingar t.d. hafa leitað til hennar, og það má nefna að Guðmundur Finnbogason gat ekki tekið viðfangsefnið „Þorskaussarnir og þjóðin“ föstum tókum fyrr en orðabók Blöndals var öll komin út, því að hann vissi að þar áttu að birtast öll þau heiti er þjóðin hefði gefið ýmsum hlutum þorskaussins (Guðmundur Finnbogason 1943:190).

Stefán Einarsson segir í bókmenntasögu sinni á íslensku, að orðabókin hafi verið „gullnáma íslenskum höfundum, svo sem Laxness“ (Stefán Einarsson 1961:357) en í ensku frumútgáfunni nefnir hann líka Ólaf Jóhann Sigurðsson til sögunnar (Stefán Einarsson 1957:277). Ég hef ekki fundið beinan vitnisburð þessara höfunda um not sín af Blöndal.

En Halldór telur sig geta bætt um betur hjá Sigfúsi. Um það skrifar hann skemmtilegan kafla í *Grikklandsárinu*, þar sem hann fjallar um „frjálslýndi á húnvesku“. Þar saknar hann þess að ritstjóri íslensk-dönsku orðabókarinnar miklu, sjálfur Húnvetningur, skuli stilla sig um að gefa upp hina sérkennilegu húnvetnsku merkingu orðsins *frjálslýndur*, þ.e. ‘búlaus hestamaður, gortari, drykkjumaður, klámhundur, þjófur, landabruggari, spilafífl, lygari, slagsmálahundur, trúvillíngur, kvennaflagari og skáld’, sbr. *libertin* á frönsku. „Merkilegt að svo lærdur maður sem Blöndal skyldi hunsa þennan fransk-húnveska skilning“ (Halldór Laxness 1980:137).

Óþarft er að rekja hversu mikil hjálp orðabókin hefur verið við þýðingar úr íslensku á danska tungu.

Menn hafa alltaf orðið undrandi á því að ekki skuli allt vera í Blöndal, svo orðmörg sem hún er og auðug, og eru sögur til um það manna á meðal. Orðabókin hefur verið mönnum svo nákomin og nærtæk í öllum hugsanlegum uppákomum lífsins, stórum og smáum, að hún hefur sannarlega komist nálægt því að vera mönnum bók bóka. Það eru heldur ekki margar íslenskar bækur sem hafa náð þeirri hylli að hægt væri að halda um þær heilar ráðstefnur eins og hér hefur verið gert í dag.